

Háskólinn á Akureyri
Berist til: Áslaugar Ásgeirsdóttur, rektors
Norðurslóð 2
600 Akureyri

Reykjavík, 28. maí 2026

Efni: Ábendingar og áskorun um frekari úrbætur á reikningsskilum Símenntunar Háskólans á Akureyri

Vísast til fyrra erindis Félags atvinnurekenda (FA) til háskólans, dags. 26. janúar 2026 þar sem skorað var á háskólann að fylgja leiðbeiningum Samkeppniseftirlitsins (SKE) frá 28. nóvember 2025 og tilmælum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins (MNH) sem ráðuneytið staðfesti með erindi dags. 23. janúar 2026 að hefðu verið send háskólanum, um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrar frá öðrum rekstri. FA fagnar því að HA birti ársreikning Símenntunar fyrir árið 2025, sem sýnir bæði rekstrar- og efnahagsreikning. Við yfirferð á þeim ársreikningi er hins vegar ljóst að enn vantar verulega upp á að hann uppfylli að fullu þær ströngu kröfur sem gerðar eru til gagnsæis og aðskilnaðar samkeppnisrekstrar opinberra aðila samkvæmt áðurnefndum leiðbeiningum SKE og tilmælum ráðuneytisins.

I. Málsvik

Símenntun HA starfar á frjálsum samkeppnismarkaði með opnum námskeiðum í samkeppni við einkaaðila. Í nýbirtum ársreikningi Símenntunar HA fyrir árið 2025 kemur fram að rekstrartekjur námu 143.149.532 kr. og rekstrargjöld námu 139.537.805 kr. Þrátt fyrir birtingu ársreikningsins skortir hann allar skýringar, neðanmálgreinar og lýsingar á reikningsskilaaðferðum. Sérstaklega vekur athygli að liðurinn „Aðkeypt þjónusta“ nemur heilum 85.485.530 kr., sem jafngildir 61,3% af öllum rekstrargjöldum deildarinnar. Þá hefur „Viðskiptareikningur HA“ hækkað á árinu og nemur nú 23.259.681 kr. í lok ársins 2025 (samanborið við 15.836.838 krónur árið áður). Þessi millireikningur við HA nemur því bókstaflega 100% af öllum eignum Símenntunar HA í árslok. Engar upplýsingar eða sundurliðanir fylgja þessum liðum eða skýringar á því hvernig staðið er að skiptingu á sameiginlegum kostnaði milli háskólans og Símenntunar HA.

II. Óútskýrður viðskiptareikningur HA stendur í vegi fyrir gagnsæi

Krafan um fjárhagslegan aðskilnað opinberra fyrirtækja og stofnana skv. 1. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og leiðbeiningum Samkeppniseftirlitsins felur í sér að öll fjárhagsleg samskipti milli samkeppnisdeildar og móðurstofnunar verði að vera fyllilega gagnsæ og á markaðskjörum. Þegar bókstaflega 100% af öllum skráðum eignum Símenntunar HA (23,2 milljónir króna) eru bundnar á einum ótilgreindum viðskiptareikningi við háskólann sjálfan, er ljóst að fjárhagur deildarinnar er í reynd að verulegu leyti samrunninn háskólanum. Án nokkurra skriflegra skýringa í ársreikningnum er með öllu ómögulegt að sannreyna á hvaða kjörum háskólinn heldur þessum fjármunum Símenntunar HA og hvort greiddir séu eðlilegir markaðsvextir af þeirri stöðu. Þetta ógagnsæi kemur í veg fyrir að hægt sé að útiloka ólögð mætar krossniðurgreiðslur og stendur beinlínis í vegi fyrir þeim fjárhagslega aðskilnaði sem lögum er ætlað að tryggja.

III. Skortur á upplýsingum um aðferðafræði og skýringum um kostnaðarskiptingu


Samkvæmt leiðbeiningum stjórnvalda, sbr. kafla 2.4 í leiðbeiningum fjármálaráðuneytisins frá 1997, verða reikningsskil samkeppnisdeildar að innihalda skýrar lýsingar á reikningsskilaaðferðum og þeim lykllum sem notaðir eru til að deila sameiginlegum kostnaði. Ársreikninginn skortir slíkt. Án þessara upplýsinga er utanaðkomandi aðilum ókleift að meta hvort verðlagning Símenntunar á námskeiðum standi undir raunverulegum fullum kostnaði við reksturinn, eða hvort reksturinn sé niðurgreiddur með ríkisframlögum sem háskólanum eru ætluð til lögboðinna verkefna samkvæmt þjónustusamningi við ráðuneyti háskólamála, sbr. 2. mgr. 21. gr.laga nr. 63/2006 um háskóla.

IV. Niðurlag

Í ljósi þess að HA hefur sýnt vilja til að fylgja reglum með því að birta ársreikning fyrir Símenntun, fer FA þess á leit að skólinn geri enn betur og bæti úr ofangreindum annmörkum. Með vísan til tilmæla ráðuneytisins og leiðbeininga SKE frá 28. nóvember 2025, þar sem staðfest er að opinber birting ítarlegra bókhaldsupplýsinga sé lágmarksforsenda þess að kvaðir séu uppfylltar, er þess krafist að háskólinn:

1. Birti opinberlega við næstu reikningsskil (eða í viðbótarskýringu) ítarlegar neðanmálgreinar og skýringar með ársreikningnum.
2. Veiti skýringar og sundurliðun á liðnum „Aðkeypt þjónusta“ upp á 85,5 milljónir króna og staðfestingu á því að viðskiptin séu á markaðskjörum.
3. Setji fram skýra lýsingu á kostnaðarskiptingarlyklum milli HA og Símenntunar (skv. kafla 2.4 í leiðbeiningum frá 1997).
4. Upplýsi á hvaða kjörum háskólinn geymir þessar innistæður Símenntunar HA og hvort greiddir séu af þeim markaðsvextir.

Virðingarfyllst,


Ásdís Eir Guðmundsdóttir
Lögfræðingur FA

Afrit sent á: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og Samkeppniseftirlitið